



Á Lambatungnajökli að nálgast Goðahnjúka á fyrsta degi. Tindurinn í baksýn líkist Grendli en var nefndur Hnáta í ferðinni.

gruna að við værum ekki á réttri leið. Var þá sest niður í skjóli undir stórum steini og tekið upp kort til að finna GPS-punkta sem myndu skila okkur á áfangastað. Þetta gekk eftir þó kortið væri bæði blautt og

tætt og reyndist auðvelt að þræða punktana yfir heiðina.

Á miðri Kjarrdalsheiði dró svo frekar til tíðinda. Við vorum öll orðin svolítið mædd, enda veður válynd, en vindur þó

að mestu á hlið. Einn okkar varð þó sýnu mæddastur, og eftir nokkra hríð kvað hann upp úr með það að hann væri kominn með gáttatif, 150 slög á mínútu, vílaði ekki fyrir sér að stilla slíka greiningu á þessum stað, enda langreyndur og sleipur í faginu. Hann hafi fengið gáttatif áður, var með sotalol í pokanum og bruddi það sem ákafast. Hægði þá á hjartslætti, en hrökk þó ekki í takt. Eftir nokkuð basl komumst við í bíl Bjarna, og sá með gáttatifið hinn hressasti. Hinn læknirinn varð samt náttúrulega áhyggjufullur og krafðist þess að komið væri við á Höfn í Hornafirði og tekið hjartalínurit. Hefði getað vitnað til Guðbergs Bergssonar sem sagði löngu síðar að „læknar væru kurteisir, þeir taka hjartalínurit“. Greining var staðfest, ekki meira gert, enda höfðu allar alvöru lækn-ingar farið fram uppi á Kjarrdalsheiði.

Um miðjan maí árið eftir fór jökla-klúbburinn aðra ferð á sömu slóðir og voru nú í för með okkur Brynjólfur Mogensen og Björn Marteinsson. Að þessu sinni var heiðskirt og glampanði sólskin í Goðahnjúkum og gafst okkur þá tækifæri til að skoða okkur um þar, ganga á Grendil og næstahæsta tindinn sem liggur suðvestan við Grendil og er nefndur Deilir á kortum en við kusum að nefna Hnátu vegna lögunar sinnar. Við slíkar aðstæður er óviðjafnanleg náttúruvegur og útsýni sem blasir við til allra átta og ferð á Goðahnjúka því vel áhættunnar virði.

## Læknagolfið í ár

### Sumarið 2019 verða fjögur golfmót á vegum Læknagolfsins og auk þess verður einvígi við tannlækna á Nesinu.

Eftir síðasta mótið í Garðabænum 30. ágúst verður útnefndur „punktameistari“ golfsumarsins. Þann heiður (farandbikar) hlýtur sá keppandi sem flesta punkta fær samtals út úr mótum sumarsins. Þrjú bestu mótin telja. Við munum eins og undanfarin sumur reyna að ræsa út á fleiri en einum teig í einu. Það tekst ekki alltaf því vellirnir eru mikið bókaðir. Vonandi sjá sem flestir sér fært að vera við verðlaunaafhendingu og taka þátt í mótunum til enda. Í sumum tilfellum mun það þýða nokkra bið fyrir þá sem koma fyrstir í hús. Hvetjum alla til að skrá sig sem fyrst þegar skráning í mótin opnar á golf.is. Það auðveldar alla framkvæmd. Gert er ráð fyrir um 40 rástímum í hverju móti. Fyrsta mótið er að baki, það var haldið 31. maí.

#### 18. júní

**Golfklúbbur Mosfellsbæjar (Kjölur).** Punktakeppni með og án forgjafar. Rástímar frá kl. 13:00. Bókun á golf.is undir mótaskrá.

#### 21. júlí

**Brautarholtsvöllur, Kjalarnesi.** Punktakeppni með og án forgjafar. Rástímar frá kl. 13:00. Bókun á golf.is undir mótaskrá. Styrktaraðili: Fastus

#### 30. ágúst

**Leirdalur, Garðabæ (GKG).** Punktakeppni með og án forgjafar. Rástímar frá kl. 13:30. Bókun á golf.is undir mótaskrá. Styrktaraðili: Lyfja

#### 15. september

**Nesvöllur, Seltjarnarnesi** - einvígi við tannlækna. Holukeppni með forgjöf. Ræst út á öllum teigum kl. 09:00.